

reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjett- **28**
indamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur 7. maí
nánar. Svo má og í reglugerð ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum henn-
ar, 5—200 kr., er renna í sjóð þann, er brotið er við.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn
lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

um

29

7. maí

viðauka við lög nr. 43, 30. júlí 1909 [Prentsmiðjur].

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer stað-
fest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir „bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar“ í lagagreininni skal
koma: og ennfremur amtsbókasafn Færeyja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.